

REGLUR

um Byggingarsjóð Þjóðarbókhlöðu.

1. gr.

Hlutverk Byggingarsjóðs Þjóðarbókhlöðu er að fjármagna byggingu bókhlöðunnar. Stjórn sjóðsins skal sjá um eftirlit með sjóðnum og ráðstöfun hans.

2. gr.

Ávöxtun og bókhald sjóðsins sé við Seðlabanka Íslands. Reikningar sjóðsins skulu birtir í ríkisreikningi.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Sérstakur eignarskattur samkvæmt lögum nr. 49 frá 6. maí 1986, um þjóðaráttak til byggingar Þjóðarbókhlöðu, skal renna óskiptur í sjóðinn.
2. Vextir af inneignum sjóðsins á bankareikningum.

4. gr.

Tekjur sjóðsins verði jafnharðan og þær innheimtast færðar honum til tekna.

5. gr.

Stjórn sjóðsins gefur framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins heimild til að ávísa á sjóðinn eftir því sem verkinu miðar, með bréflægum tilmælum til Seðlabanka Íslands, en stofna skal undirreikning í viðskiptabanka og greiðast einstakar greiðslur af þeim reikningi.

6. gr.

Menntamálaráðherra skipar sjóðnum þriggja manna stjórn. Einn stjórnarmaður skal tilnefndur af fjármálaráðherra, annar samkvæmt tilnefningu Seðlabanka, en formaður skipaður af menntamálaráðherra án tilnefningar. Sjóðsstjórnin tilnefnir einn mann í Byggingarnefnd Þjóðarbókhlöðu.

7. gr.

Reglur þessar eru settar í samræmi við lög nr. 49 frá 6. maí 1986, um þjóðaráttak til byggingar Þjóðarbókhlöðu og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 23. september 1986.

Sverrir Hermannsson.

Knútur Hallsson.